



Deiliskráning á Sauðanesi



Ármann Guðmundsson

Þjóðminjasafn Íslands

Skýrslur Þjóðminjasafns

Íslands 2022/2

2022

Ljósmynd á forsíðu. Steinhúsið á Sauðanesi sem er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Mynd tekin í norðvestur. (ÁG)

© Þjóðminjasafn Íslands / Ármann Guðmundsson

Öll réttindi áskilin

ISSN

Efnisyfirlit

Samantekt	5
Summary	5
Inngangur	6
Lagaumhverfið	9
Aðdragandi Fornleifaskráningar 2021.....	10
Aðferðir við fornleifaskráninguna	10
Niðurstöður	11
Minjaskrá	12
Heimildaskrá	34
Minjakort.....	35

Samantekt

Að beiðni húsasafns Þjóðminjasafns Íslands var ráðist í skráningu á fornleifum á bænum Sauðanesi í Langanesbyggð, N-Þingeyjarsýslu, vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar. Skráningin fór fram dagana 5. og 6. maí 2021 og skráðar voru 19 minjar, bæði uppá holtinu þar sem bærinn stendur nú, fyrir neðan það á túnum býlisins og í grennd við gamla kirkjugarðinn. Margskonar minjar voru skráðar, m.a. garðlög, útihús, leiðir, bæjarstæði og heimildir um byggingar.

Af þeim fornminjum sem voru skráðar á Sauðanesi vorið 2021 er einungis 2642-1 og 2642-3 í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð bílastæðis. Höfundur leggur áherslu á að fornleifafræðingur sinni framkvæmdareftirliti þegar jarðvegsskipti hefjast á svæðinu. Fornminjarnar 2642-7, 2642-8 og 2642-9 sem eru á túninu fyrir neðan holtið eru í hættu vegna sléttunar á túnum. Mikilvægt er að ábúandi verði í góðu sambandi við Minjastofnun Íslands varðandi fyrirhugaðar sléttannir á túnum á eða nálægt skráðum fornminjum.

Summary

Due to impending construction, the historic buildings collection of the National Museum of Iceland requested an archaeological survey to be performed on the Sauðanes farm in the municipality of Langanesbyggð, the county of N-Þingeyjarsýsla. The survey took place on May 5th and 6th, 2021 and 19 archaeological elements were registered, both upon the ridge close to Sauðanes stone building and down in the fields below to the west close to the old cemetery. Wide range of archaeological elements were registered such as; boundary walls, outhouses, farm site and various sources of archaeological remains.

Of the 19 archaeological elements registered at Sauðanes in the spring 2021 only 2642-1 and 2642-3 are considered in danger due to the impending construction. The author of this report emphasises the importance of having qualified archaeologist monitoring the construction at the site. Archaeological elements 2642-7, 2642-8 and 2642-9, located in the fields west of the Sauðanes historical house, are also considered to be in danger due to field improvements. Its imperative that the farmer of Sauðanes is in contact with the Cultural Heritage Agency regarding any improvements which could affect the archaeological elements in any way.

Inngangur

Jörðin Sauðanes á Langanesi á sér langa og athyglisverða sögu. Líklega hefur þar verið byggð frá fyrstu tíð enda jarðnæði gott og hlunnindi töluverð. Samkvæmt Landnámu byggðist Langanes út frá landnámi Ketils Þistils og líklega hefur hann byggt sinn bæ á Sauðanesi. Þó er ekki hægt að segja það með vissu vegna þess að upphaflega var Sauðanes tvær jarðir, þ.e. Sauðanes og Sauðanes Syðri. Ekki er vitað með vissu hvora jörðina Ketill byggði (Björn Sigfússon, 1946, bls. 29), Jarðirnar tvær voru svo sameinaðar árið 1318 (Friðrik G. Olgeirsson, 1988, bls. 61-62). Á 17. öld byggðust hjáleigurnar Nes, Litla-Sauðanes eða Sauðaneskot, Hóll og Ássel. Á þessum tíma er Sauðaness stærsta jörðin á vestanverðu Langanesi (Friðrik G. Olgeirsson, 1988, bls. 70).

Elstu heimildir um Sauðanes eru máldagar kirkjunnar á staðnum og gefa þeir hugmynd um sögu staðarins. Sá fyrsti er frá árinu 1318 og kemur þar meðal annars fram að kirkjan hafi átt helming heimjarðar Sauðaness auk helmings Lóns, alla Eldjárnsstaði og Sauðanes Syðri en þá jörð fékk kirkjan í sálugjöf. Kirkjan átti þá enn fremur rekæign og eggver í Hólmavatni auk uppsáturs og rétt til skálagerðar í Dritvík. Í máldaganum er tekið sérstaklega fram að kirkjan sé ekki orðið kirkjulén (*beneficium*) sem þýðir að hún var ekki komin undir vald biskups (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 62. Völundur Óskarsson, Hjörleifur Stefánsson & Björn Ingólfsson, 2013, bls 175). Næsti máldagi er svo frá árinu 1344 og hafði þá kirkjan efnast vel, sérstaklega af munum og bústofni. Í máldaga frá tímabilinu 1344-1389 hefur kirkjan eignast alla Sauðanes jörðina og hún orðin fullgilt kirkjulén og prestur mátti nýta sér öll þau hlunnindi sem jörðin hafði upp á að bjóða (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 64, Völundur Óskarsson, Hjörleifur Stefánsson & Björn Ingólfsson, 2013, bls 175-176). Í máldaga frá árinu 1394 hefur kirkjan eignast alla Lónsjörðina og greinilegt að hún er vel efnuð og það virðist halda allt til 1552 en þá er tilgreint í máldaga kirkjunnar að hún sé orðin nokkuð hrörleg (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 65). Árið 1642 hófu svo Austur-Langnesingar sem áður höfðu sótt kirkjuna að Skeggjastöðum að sækja kirkju að Sauðanesi en hún er töluvert nær (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 69).

Sauðanes hefur verið eftirsótt brauð og segir það sitthvað um staðinn enda ríkur af hlunnindum eins og fyrr segir. Þar má aðallega telja reka, egg og dúntöku, silung, sel og bestu engi í sveitinni. Sem dæmi má nefna að heimtur af æðadúni voru árlega um 150 kg (Björn Sigfússon, 1956, bls. 29).

Á 18. öld var áhersla lögð á sjósókn á Langanesi og jókst búseta við góðar hafnir á svæðinu en Þórshöfn og Heiðarhöfn þóttu álitlegir kostir. Í dag er Þórshöfn stærsti byggðarkjarninn á svæðinu (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 89).



Mynd 1. Sauðanes um 1900. Frá vinstri til hægri: Skemma (2642-5), Steinhúsið (2642-2), Vigfúsarkirkja (2642-19), Stefánskirkja nýrri (2642-3) og síðast tvö hús sem voru hluti af húslengjunni 2642-1. Ljósmyndari Jón J. Árnason. Þjms. Lpr. 2003-án númera.

Heimildir benda til þess að bærinn á Sauðanesi hafi frá öndverðu staðið á túninu norðan við gamla kirkjugarðinn. Þar nærri hefur elsta kirkjan líka staðið (Ari Gíslason, 1971, bls. 2). Það var ekki fyrr en á 19. öld með tilkomu séra Vigfúsar Sigurðssonar að ákveðið var að færa bæjarhúsin og kirkjuna upp á holtið þar sem þau standa enn þann dag í dag. Steinhúsið er eitt þeirra húsa sem reist voru á seinna steinhúsatímabili í íslenskri byggingarsögu og var tekið inn í húsasafn Þjóðminjasafns Íslands árið 1980. Nánar verður fjallað um sögu einstakra húsa á jörðinni í minjaskrá.


Sauðanes er staðsett á vestanverðu Langanesi í Norður-Þingeyjarsýslu. Næsti þéttbýliskjarni er Þórshöfn við Lónsfjörð. Jörðin liggur að strönd mót Þistilfirði og er sjór til norðurs svo langt sem augað eygir. Landslagið á Sauðanesi er fremur gróðursælt, ágæt tún en minni gróðursæld austan við Sauðanes en þar rís landið nokkuð þar sem fjöllin mynda hálfhring frá austri til vesturs.



Mynd 2. Staðsetning Sauðanes

Svæðið í kringum bæjarhúsin á Sauðanesi hefur ekki verið rannsakað fyrr með fornleifafræðilegum hætti. Þar hefur hvorki farið fram fornleifaskráning né uppgröftur. Reyndar skráði Fornleifastofnun Íslands ses árið 2018 fornleifar á Langanesi vegna breytingar á veglínu Norðausturvegar yfir Brekknahéiði. Áhrifasvæði skráningarinnar náði inn á suðurhluta jarðarinnar að Sauðanesi en lá þó töluvert frá bæjarhúsunum (Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir, 2019).

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af afleggjaranum að bænum til norðurs, utan um steinhúsið og að Langanesvegi til austurs (sjá mynd 3). Afmörkunin snýr að fyrirhuguðu bílastæði sem verður við afleggjaranum að bænum, nyrst á deiliskipulagssvæðinu.



Mynd 3. Mörk deiliskipulagssvæðisins.

Lagaumhverfið

Lagaumhverfi fornminja er ætlað að tryggja vernd og varðveislu menningarminjaarfsins til framtíðar en ekki síður að auðvelda opinberum aðilum að móta framtíðarstefnu í minjavörslu. Í 16. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Í 3. gr sömu laga er tilgreint hvað teljist til fornleifa.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Allar þær minjar sem í lagalegum skilningi flokkast undir fornleifar má enginn, samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laga nr. 80/2012, *aðili breyta hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands*. Grundvallaratriði í varðveislu fornleifa felst í því að afla um þær þekkingar og er fornleifaskráning mikilvæg aðferð í þeirri þekkingarleit.

Aðdragandi Fornleifaskráningar 2021

Í aðalskipulagi Langanesbyggðar 2000-2007 er meðal annars fjallað um byggingararfleifðina og menningarverðmæti í sveitarfélaginu. Sérstaklega er rætt um gamla presthúsið á Sauðanesi sem kjörinn vettvangur fyrir kynningu á sögu og náttúru svæðisins eða sem eins konar hlið að Langanesi. Með þetta í huga er talið nauðsynlegt að bæta aðstöðu fyrir móttöku ferðamanna bæði þá sem vilja skoða Sauðaneshúsið og minjarnar í kring en ekki síður fyrir þá sem huga á frekari ferðalög um Langanes. Hér gæti minjastaðurinn á Sauðanesholti gegnt lykilhlutverki í upplýsingagjöf og miðlun fróðleiks um svæðið.

Árið 2020 fékk Þjóðminjasafn Íslands styrk úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða til þess að láta gera deiliskipulag á Sauðanesholti með það að markmiði að móta fyrirkomulag til framtíðar m.t.t. menningarminja og móttöku ferðamanna á staðnum (Dagný Arnarsdóttir og Bjargey Guðmundsdóttir, 2020, bls, 22). Fornleifaskráningin er liður í þeirri vinnu. Þjóðminjasafn Íslands stendur því að fornleifaskráningu á Sauðanesholti og næsta nágrenni.

Aðferðir við fornleifaskráninguna

Fornleifaskráningin fylgdi stöðlum Minjastofnunnar Íslands frá árinu 2013 og 2016. Í fyrsta lagi voru heimildir kannaðar um staðinn, haft samband við staðkunnuga og fyrri fornleifaskráningar og rannsóknir athugaðar. Þessi hluti skráningarinnar hefur verið kallaður svæðiskráning. Jörðin hafði áður verið svæðiskráð og kom skýrsla þeirrar skráningar að góðum notum við undirbúningsvinnuna (Guðrún Alda Gísladóttir 2002). Aðrar heimildir voru: *Langnesingarsaga*, *Kirkjur Íslands*, *Sveitir og jarðir á Langanesi*, örnefnalýsingar og úttektarbækur jarðarinnar. Úttektir voru gerðir á húsakostum og landshögum jarða fyrr á árum. Á Sauðanesi voru slíkar úttektir framkvæmdar árin 1890, 1918 og 1955 og eru mikilvægar heimildir um þróun staðarins yfir tíma.

Að þessu loknu fór vettvangsvinnan fram. Þá var farið kerfisbundið yfir allt svæðið sem skráningin náði til og allar fornminjar sem höfundur kom auga á skrásettar. Allar sýnilegar minjar voru ljósmyndaðar, mældar upp og teiknaðar með GPS-tæki (Qmini A5&A7) og þeim lýst samkvæmt stöðlum Minjastofnunnar Íslands. Minjunum voru gefin númer sem samanstanda af verkefnanúmeri skráningarinnar, í þessu tilfelli 2642, og svo hlaupandi númeri.

Lokapáttur skráningarinnar er svo eftirvinnsla og skýrsluskrif. Eftirvinnslan snýst aðallega um hreinteikningar og yfirferð landfræðilegra gagna en það var gert í forritinu QGIS Desktop 3.10.0 with GRASS 7.6.1.


Niðurstöður

Dagana 5. og 6. maí 2021 voru skráðar 19 fornminjar á vettvangi á Sauðanesi í tengslum við gerð deiliskipulags. Skipta má verkefninu upp í tvo hluta. Í fyrsta lagi eru það minjar innan og í næsta nágrenni við það svæði sem deiliskipulagið nær til og í öðru lagi minjar sem eru neðan við holtið, í kringum kirkjugarðinn og gamla bæjarstæðið.

Innan deiliskipulagssvæðisins voru skráðar þrjár fornminjar (2642-1, 3 og 4). 2642-1 eru leifar húsa sem þarna stóðu og voru rifin árið 2000. Í kjölfarið var túnið sléttað og ræktað upp. Hugsanlega er lítið eftir af húsum sem þarna stóðu en þó er mikilvægt að fornleifafræðingur sinni framkvæmdareftirliti þegar jarðvegsvinna hefst við nýtt bílastæði. Ólíklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi mikil áhrif á 2642-4 en þó er mikilvægt að bílastæðið fari ekki of nálægt steininum (2642-4). Stefánskirkja sem heimildir benda til að hafa staðið nálægt Sauðaneshúsinu (2642-2) gæti verið staðsett þar sem 2642-3 er merkt inn og fellur innan deiliskipulagssvæðisins. Þar sem fyrirhuguð bílastæði eru nokkuð frá þessum stað er ólíklegt að 2642-3 sé í hættu.

Skráðar voru 15 fornminjar neðan við holtið. Helst ber að nefna gamla bæjarstæðið (2642-10, 11), rúst (2642-7) suðvestan við það og garðlög ýmiskonar. Enn fremur má benda á hugsanlegar festingar (2642-12) fyrir yngstu kirkjuna innan gamla kirkjugarðsins, óræða rúst (2642-14) norðan við kirkjugarðinn, sáluhliðið og gönguleið frá því að bænum upp á holtinu.

Minjaskrá



Mynd 4. Yfirlitskort af Sauðanesi með mældum minjum (flákar, línur og punktar).


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-01	Hryggur/heimild	Fjárhús, fjós, hesthús, skemma, smiðja, útihús.	
Hnit		Stærð	
N 668078.27925 A 643880.44524		31m m x 13,3m	
			
			
Lýsing	Milli Langanesvegur (869) og bílastæðis núverandi íbúðarhúsnæðis á Sauðanesi má sjá nokkuð greinilega hrygg á túninu sem liggur í grófum dráttum vestur – austur. Mjög líklega verður að teljast að þetta séu leifar af þeim húsum sem þarna stóðu áður fyrr. Best væri að lýsa þeim		

	húsum sem húsaröð, samansafn af ólíkum húsum sem myndaði eina röð, enda hafa þau byggst upp og breyst töluvert í þann þó stutta tíma sem hús voru þarna á svæðinu. Árið 1879 lét séra Vigfús Sigurðsson prestur á Sauðanesi byggja steinhúsið og færa þar með bæinn upp á holtið. Á sama tíma voru byggð ný hús upp á holtinu. Þetta má meðal annars sjá í úttektum 1890, 1918 og 1955. Samkvæmt úttektinni 1890 var fyrsta húsið í húsaröðinni, fjárhús, sem má sjá glitta í hægra megin við Stefánskirkju á mynd 1 (Úttekt Sauðaness 1890) árið 1918 höfðu bæst við nokkur hús í röðina eins og hesthús fyrir 5 hesta og smiðja (Úttekt Sauðaness 1918). Árið 1920 var Stefánskirkja sem gegnt hafði hlutverki dúnshúss eftir byggingu Vigfúsarkirkju færð á milli nýrra fjárhúsa í húsaröðinni og gegndi þar margvíslegu hlutverki. Í úttektinni 1955 kemur fram að í húsaröðinni séu fjárhús, hesthús, smiðjuhús og hlaða á steiptum grunni með járnþaki (Úttekt Sauðaness 1955). Fjárhúsum sem lýst er í úttektinni 1890 eru þá fallin á milli úttektanna 1918 og 1955, líklega á svipuðum tíma á Stefánskirkju er komið þarna fyrir. Útihúsin voru svo rifin árið 2000 eftir að þau skemmdust mjög illa í aftaka veðri. Svæðið var sléttað eftir það og tún ræktað upp.
Leiðarvísir	36 metra í norðaustur frá norðausturhorni Sauðanesshússins er hryggurinn.
Ástand	Misgreinanlegar. Hefur verið sléttað.
Hættumat	Mikil hættu. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.
Athugasemdir	

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-02	Mannvirki	Híbýli, íbúðarhús	Sauðaneshúsið
Hnit		Stærð	
A 668037.85091 N 643839.6278		9,6m x 13,4 m	
			
Lýsing		Steinhúsið á Sauðanesi var byggt árið 1879-81 og byggt af tilstuðlan Sr. Vigfúsi Sigurðssonar úr tilhöggnum steini. Húsið er elsta steinhús í Þingeyrjarsýslum og eitt örfárna steinhlaðinna húsa á landinu (heimasiða þjms). Í byggingarlýsingu Guðmundar L. Hafsteinssonar á gamla prestsetrinu segir: „Prestssetrið er portbyggt steinhlaðið hús á kjallara 8,85 m að lengd og 7,59 m á breidd. Á húsinu er krossreist pappaklætt þak og reykháfur á mæni fyrir miðju húsi. Við norðurgafi er bakdyraskúr, 3,35 m að lengd og 4,01 m á breidd, klæddur listapili og með pappalögðu skúrþaki. Veggir hússins eru hlaðnir úr steinlímdu gróft tilhöggnu grjóti og múrsléttaðir og sökkulbrún er neðarlega á vegg.“(Guðmundur L. Hafsteinsson, 2008.) Áður fyrr var bærinn norðan við kirkjugarðinn gamla á túninu fyrir neðan holtið (Ari Gíslason, 1971, bls. 2)	
Leiðarvísir		27 metra í suður frá núverandi íbúðarhúsi á holtinu sjálfu.	
Ástand		Heillegar	
Hættumat		Engin hætta	
Athugasemdir			


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-03	Heimild	Kirkja	Stefánskirkja
Hnit		Stærð	
A 668062.17855 N 643829.09522		9,5m x 5,4m	
			
Lýsing		Áður en byggðin færðist upp á holtið í lok 19. Aldar stóðu kirkjur á Sauðanesi í kirkjugarðinum. Heimildir eru fyrir kirkjubyggingum þar a.m.k. frá því fyrir 1787 en þá var byggð torfkirkja í miðjum kirkjugarðinum á grunni eldri kirkju. Sú kirkja hrörnaði og skekktist og því endurbyggð árið 1830. 1846 var hins vegar torfkirkjan rifin og timburkirkja loks byggð. Sú kirkja er kölluð Stefánskirkja nýrri. Kirkjan var fremur einföld að lögun, úr bindingsverki og án turns, 15.5 (9,7m) alin að lengd og 7,5 (4,71m) alin að breidd. Veggir kirkjunnar slagpílsklæddir með tvöföldu þaki. Þrír sex rúðna stafgluggar voru á hvorri langhlið. Svipaðir gluggar sitthvoru megin við altarið en yfir því fjögurra rúða gluggi. Kirkjan skemmdist töluvert í aftakaveðri 1857 og ljóst að það þyrfti að byggja nýja kirkja fljótlega, treglega gekk þó að bæta brauðinu bygginguna (Völundur Óskarsson, Hjörleifur Stefánsson & Björn Ingólfsson, 2013, bls. 178-179). Þegar séra Vigfús Sigurðsson tók við prestembætti á Sauðanesi árið 1869 stóð hann fyrir því að færa byggðina upp á holtið. Presthúsið var byggt á árunum 1879-1881 og ný kirkja norðan við það hús reist 1889. Gamla kirkjan var þá færð upp á holtið og notuð sem dúnhús og verkfærageymsla (Völundur Óskarsson, Hjörleifur Stefánsson & Björn Ingólfsson, 2013, bls. 178-179). Líklega þykir út frá ljósmyndum að kirkjunni gömlu hafi verið komið fyrir nálægt þeim stað er hún var skráð, þó sést lítið á yfirborði sem ber þess merki. Fyrir utan stein sem glittir upp úr grassverðinum og gæti verið hluti af undirstöðum kirkjunnar. Ljósmyndin sem höfundur hefur til hliðsjónar var tekin um aldamótin 1900 (sjá að ofan). Á henni má greina hið nýja prestshús (2642-2), skemmuna (2642-5) þar til vinstri, nýju kirkjuna (2642-19) í fjarska, nær er svo kirkjan (2642-3) og svo fjárhúsin sem voru eldri hluti af útihúsum 2642-1. 1920 er kirkjan svo aftur færð	


	og nú inn í milli nýlegra útihúsa 2642-1. Þar var gamla kirkjuhúsið notað sem fjárhús. Eftir aftakaveður árið 2000 skemmdust útihúsin illa, þó aðalega fjósið sem stóð vestast í röðinni. Kirkjan stóð af sér veðrið að hluta en skemmdist þó töluvert. Kirkjuhúsið var þá mælt og teiknað upp og viðir teknir niður og færðir í geymslu að Hlíð á Langanesi. Árið 2012 komust kirkjuviðirnir í eigu Þjms og ári síðar var gerður samningur um Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki um endurbyggingu kirkjunnar og viðirnir fluttir þangað.
Leiðarvísir	19,6 metrar í austur frá suðaustur horni Sauðaneshússins. Rétt fyrir utan girðinguna utan um Sauðaneshúsið.
Ástand	Sést ekki
Hættumat	Engin hætta.
Athugasemdir	


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-04	Steinn	Álagablettur, huldufólk	
Hnit		Stærð	
A 668059.1832 N 643868.44634		4,2m x 3,8m	
			
Lýsing	Í túnjaðrinum, uppá holtinu, nálægt bílastæðinu við eitt íbúðarhúsanna stendur ansi íburðarmikill steinn. Heimildir benda til þess að hann hafi verið notaður sem suðvestur stoð í húsunum 2642-1 og að vestasti útihúsið (fjósið) hafi verið byggt upp að steininum. Ábúandi vildi meina að nokkrar sagnir hafi fylgt steininum og hann talinn vera hóbýli huldufólks og ekki mætti raska eða hreyfa hann úr stað (Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, 2021, munnleg heimild).		
Leiðarvísir	29,7 m í norðaustur frá Sauðaneshúsinu. Í Suðvestur horni 2642-1.		
Ástand	Vel greinanleg		
Hættumat	Lítin hætta – vegna framkvæmda		
Athugasemdir			



Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-5	Heimild	Skemma	
Hnit		Stærð	
A 668059.1832 N 643868.44634		12,1m x 7,2m	
			
Lýsing	Þegar séra Vigfús Sigurðsson færði bæinn upp á holtið í lok 19. aldar lét hann einnig reisa önnur hús þar í kring, upp á holtinu, en áður fyrr var bæði bærinn og allflest önnur mannvirki fyrir neðan holtið á túninu (úttekt 1890). Í úttekt jarðarinnar sem framkvæmd var árið 1890 er lýst stóru mannvirki sem átti að hafa staðið sunnan af steinhúsinu nýja. Mannvirkið var 18 stafa torfhlaðið hús með viðarstöfnum. 4 þriggja rúðu gluggar á framhlið hússins og hurð með skrá. Á norðurstafni er einn þriggja rúðu gluggi fyrir neðan bita og fjögurra rúðu gluggi fyrir aftan. Dyr eru líka á vesturhlið hússins með hurð á járnnum og læsingu. Mannvirkinu er lýst sem mjög stæðilegu húsi (Úttekt Sauðanes, 1890). Í úttektinni 1918 er mannvirkið enn til staðar en það orðið fremur gisið og hefur líklega ekki verið haldið nægilega vel við (Úttekt Sauðanes, 1918). Í úttektinni 1955 er hins vegar búið að rífa skemmuna, veggjunum bylt og túnin sléttuð (Úttekt Sauðanes, 1955). Ekki er auðvelt að ákvarða hvar húsið hafi átt að standa en út frá myndinni hér að ofan sem var tekin í kringum 1900 má greina að það hafi staðið suður af steinhúsinu en aðeins svo til vesturs. Ekkert sést á yfirborði þar sem mælingin var tekin.		
Leiðarvísir	9,6m SSV frá Sauðaneshúsinu. Bæði innan og utan girðingar utan um Sauðaneshúsið.		
Ástand	Ekki greinanleg		
Hættumat	Engin hætta		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-6	Tóft	Óþekkt, útihús	
Hnit		Stærð	
A 667932.5398 N 643920.3612		15,6m x 7,7m	
		 	
Lýsing	Rústin liggur nánast norður – suður er með tveimur dældum eða hólfum og vegg þar á milli. Nyrðra hólfið er töluvert minna en hið syðra. Á milli hólfa má greina röð af steinum sem er líklega hluti af hleðslu rústarinnar. Ekki er beint fjallað um mannvirki á þessum stað í heimildum heldur er almennt sagt að mörg smáhýsi og kofar hafi verið á túninu fyrir neðan holtið (Úttekt Sauðanes, 1890). Hugsanlega er hér um að ræða órætt útihús eða mögulega stekk.		
Leiðarvísir	113 metrum í NV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið um 63 metra í norður má greina viðkomandi rúst.		
Ástand	Illgreinanleg		
Hættumat	Lítill hættu – Vegna sléttunar		
Athugasemdir			


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-7	Tóft	Fjárhús, fjós, rústarhóll, útihús, óþekkt.	
Hnit		Stærð	
A 667917.3788 N 643960.8378		48,1m x 17m	
			
Lýsing	Veglegur hryggur á túninu fyrir neðan og vestan við steinhúsið á Sauðanesi. Hryggurinn er mjög rústalegur á fremur flötu túni. Í hryggnum er að finna tvær sýnilegar rústir (2642-8 og 2642-9). Hugsanlega er þær rústir ein og sama rústin. Höfundi telur ekki ósennilegt að eldri minjar séu undir þessum tveimur rústum og skýrir þannig lögun hryggjarins. Engar heimildir eru þó fyrir því og það verður ekki skýrt fyrr en frekari rannsóknir fari fram á staðnum. Lega hryggjarins er athyglisverð enda liggur hann í sömu línu og bæjarstæðið (2642-10).		
Leiðarvísir	152 metrum í NV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið um 118 metra í NNV má greina viðkomandi hrygg sem höfundur telur líklegt að geymi óþekktar rústir.		
Ástand	Greinanleg		
Hættumat	Mikil hætta - Vegna sléttunar		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-8	Tóft	Útihús, óþekkt	
Hnit		Stærð	
A 667911.0962 N 643955.5715		20,6m x 8,7m	
			
Lýsing	Hugsanleg rúst staðsett í suður hluta hryggjarins (2642-8). Í hryggnum er athyglisverð dæld sem gæti tengst hlöðnu rými í rúst. Eðli og hlutverk rústarinnar er nær ómögulegt að segja nokkuð um. Ef um er að ræða forminjar eru þær mjög líklega eldri en sýnilega rústin 2642-10. Þess ber að halda til haga að dældir eru á nokkrum stöðum upp á holtinu og niður á túni. Allflestar þær tengjast hreinsun og tilfæringu á stórgrýti af túnunum. Þessi dæld er þó stærri en þær allflestar.		
Leiðarvísir	152 metrum í NV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið um 118 metra í NNV má greina hrygg (2642-7) og í sunnanverðum hryggnum er viðkomandi rúst.		
Ástand	Greinanleg		
Hættumat	Mikil hætta – Vegna sléttunar		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-9	Tóft	Fjárhús, útihús	
Hnit		Stærð	
A 667928.2001 N 643971.5475		22,2m x 11,1m	
			
Lýsing	Vel greinanleg rúst sem er staðsett í norðurenda hryggjarins, rústar 2642-7. Líklega niðurgrafin í hrygginn. Liggur í sömu stefnu og hryggurinn sjálfur, þ.e. suðvestur – norðaustur. Hleðslur greinanlegar á mörgum stöðum í veggjum rústarinnar og steinar víðsvegar inn í henni sjálfri. Töluvert af þeim steinum er greinilegt hrun úr veggjum. Ummerki um stoðir sýnilegar á tveimur stöðum. Ein á austur veggnum og önnur nálægt suðurgafli. Við miðjan austurvegginn liggur veglegt hvalbein sem hugsanlega hefur verið notað með einhverjum hætti í mannvirkinu þegar það var í notkun. Innangengt hefur verið í mannvirkið í norðvestur horninu en þar má greinilega sjá rof í veggnum þar sem hurðaumbúnaður hefur staðið. Rústin er eins og fyrr segir vel greinanleg og líklega fremur ung og líklega tengist hún bæjarstæðinu 2642-10. Rústin er 15 metrar (N-S), 4.5metrar (A-V) að innanmáli. Þykkt veggjar mest um 4 metrar. Hlutverk rústarinnar er annað hvort sem hlaða, fjárhús eða fjós. Engin flór eða bása hellur eru sýnilegar sem gerir fjósatúlkunina ólíkleg. Samkvæmt örnefnaskrá Sauðanes er sagt að gamli bærinn hafi staðið norðan við kirkjugarðinn og þar norðan við væru fjárhús (Ari Gíslason, 1971, bls. 2). Hugsanlega tengist þessi rúst þeim fjárhúsum, eða þær minjar sú hreinlega undir þessari rúst. Á milli rústarinnar 2642-9 og 2642-10 er garðlög, líklega tvö 2642-16 og 2642-18.		
Leiðarvísir	152 metrum í NV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið um 118 metra í NNV má greina hrygg (2642-7) og í norðanenda hryggsins er viðkomandi rúst.		
Ástand	Vel greinanleg		
Hættumat	Mikil hætta – Vegna sléttunar		
Athugasemdir			


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-10	Tóft, bær	Rústahóll, híbýli, bæjarhóll	
Hnit	Stærð		
A 667969.3877 N 644017.8932	47,7m x 16,5m		
 		 	
Lýsing		Rústirnar vel greinilegar og liggja í norðaustur-suðvestur á mýrlendu svæði. Rústin er nokkuð mjórri í norðurendanum en breiðari í suðurendanum eins og sjá má á teikningum. Bæjartóftin er 46 metra löng og 16 metrar breið þar sem hún er breiðust. Ekki er alveg vitað með vissu hvenær bærinn var reistur á þessum stað. Hins vegar er líklegt, ef litið er á heimildir, að bærinn hafi upphaflega staðið rétt norðan við kirkjugarðinn (sjá 2642-14) og verið svo færður á þann stað sem rústirnar 2642-10 eru á einhverjum tímapunkti fyrir 1870 en þá var framkvæmd úttekt á jörðinni. Bænum var þá lýst í smáatriðum og síðar gerðar teikningar sem sjá má hér að ofan. Flatarteikningin rímar mjög vel við útlínur rústarinnar þar sem í mjórri endanum voru tvær hlöður. Ennfremur eru greinilegar minjar að húsabaki sem tengjast líklega eldhúsi og búri. Bærinn var burstabær af sunnlenskri gerð, með sjö burstum (örnefnaskrá Sauðanes). Bærinn fluttist svo upp á holtið þegar steinhúsið var byggt þar árið 1889 en rústirnar stóðu nokkuð lengi uppistandandi eftir það (munnleg heimild). Yngri rúst (2642-11) hefur svo verið byggð ofan í gamla bænum, nánar til tekið í suðurendanum. Ólíklegt er að um sé að ræða minjar eftir þau rými	


	sem tengdust gamla bænum, þá skemmu eða baðstofu enda snúa þau rými öðruvísi en þessi rúst. Austan við bæinn eru leifar af garðlagi, 2642-17, sem afmarka heimatúnið.
Leiðarvísir	165 metrum í NNV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið fram hjá rústahólnum (2642-7) inn á mýrlendan fláka en 16 metra frá 2642-7 er gamla bæjarstæði Sauðaness.
Ástand	Vel greinanleg
Hættumat	Lítill – Rask og ágangur kvikfjár
Athugasemdir	

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-11	Tóft	Fjárhús,útihús, híbýli, óþekkt.	
Hnit		Stærð	
A 667965.7707 N 644013.4067		13,6m x 8,7m	
			
Lýsing	Tveggja hólfa rúst sem er staðsett í suðurenda 2642-10. Snýr eins og 2642-10 (NA-SV) með innangengt á norðurgafli. Mannvirkið hefur verið hlaðið með torfi og grjóti. Í úttektinni á Sauðanes jörðinni árið 1890 eru nefnd þrjú fjárhús sem eru út á túni. Eitt þeirra er sagt vera vestur á túni og það hús sé vandað að við og veggjum (Úttekt Sauðanes, 1890). Árið 1918 er það hús orðið illa farið (Úttekt 1918 1918). Það er enn uppistandi 1955 þó mjög illa farið (Úttekt Sauðanes 1955). Þessar lýsingar gætu átt við viðkomandi rúst en hafa ber það í huga að þær gætu allt eins átt við 2642-9. Rústin 2642-11 er mjög líklega yngri en bærinn (2642-10) sjálfur. Hún liggur nokkuð greinilega yfir eldri rústum og hún snýr líka öðruvísi en bæjarrústirnar en þar vísa dyr mót vestri en þessi hefur dyr mót norðri.		
Leiðarvísir	165 metrum í NNV átt frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Þegar komið er niður aflíðandi brekkuna af holtinu á sléttari tún er tekin hægri beygja og gengið inn á túnið fram hjá rústahólum (2642-7) inn á mýrlendan fláka en 16 metra frá 2642-7 er gamla bæjarstæði Sauðaness og syðst þar sem bærinn hefur staðið er umrædd rúst.		
Ástand	Vel greinanleg		
Hættumat	Lítill hætta - Rasks og ágangs kvikfjár		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-12	Húsgrunnur	Kirkja	Stefánskirkja
Hnit		Stærð	
A 667857.0724 N 643837.343		12,9m x 6,1m	
			
Lýsing	Í kirkjugarðinum miðjum má greina merkilega steina sem liggja á þremur stöðum ekki langt frá hvorum öðrum. Á tveimur þessara steina er járnkrókur. Guðmundur Lúther Hafsteinsson sviðstjóri húsasafns Þjóðminjasafns Íslands sem var með höfundi í för benti skrásetjara á þessa steina og fannst líklegt að um sökkulsteina mannvirkis sé um að ræða. Miðað við staðsetningu steinanna tengjast þeir líklega síðustu kirkjunni sem var staðsett í kirkjugarðinum en heimildir benda til þess að kirkjan á staðnum hafi frá öndverðu staðið í kirkjugarðinum. Þá tengjast steinarnir Stefánskirkju nýrri sem reist var 1846. Sjá nánari umfjöllum um kirkjur Sauðaness í lýsingu 2642-4.		
Leiðarvísir	163m í vestur frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Gengið er inn í kirkjugarðinn og 27 metrum frá nýja sáluhliðinu í vestur má greina nokkra steina með járnkrókum. Það er hluti af undirstöðum kirkjunnar.		
Ástand	Illgreinanleg		
Hættumat	Hætta – ef sökkulsteinarnir eru hreyfðir úr stað.		
Athugasemdir			


Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-13	Lausafundur	Kirkja	
Hnit		Stærð	
A 667848.7244 N 643847.5952		2,6m x 1,7m	
			
Lýsing			
Leiðarvísir			
Ástand			
Hættumat			
Athugasemdir			



Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-14	Tóft	Óþekkt, útihús	
Hnit		Stærð	
A 667868.6597 N 643871.4659		24,6m x 8,6m	
		 	
Lýsing	Fast norðan við kirkjugarðinn má greina áhugaverðar bungur og dældir. Við nánari skoðun er sýnileg að minnsta kosti ein steinaröð sem liggur norður-suður. Mjög líklega eru þarna rústir undir sverði. Staðsetningin er afar athyglisverð ef litið er á heimildir sem benda til þess að gamli bærinn á Sauðanesi hafi staðið norðan við kirkjugarðinn áður en hann var fluttur upp á holtið í lok 19. aldar (Ari Gíslason, 1971, bls. 2). Ef rústin eru leifar af bænum þá eru þær líklega eldri en rúst 2642-10 sem þýðir að hugsanlega hefur bærinn fyrst byggst upp á þessum slóðum, færst svo þar sem 2642-10 er og að lokum færst upp á holtið. Rústinn er fremur ógreinileg fyrir utan austustu dældina og steinaröðin sem er staðsett í vesturenda fornminjanna.		
Leiðarvísir	142m í vestur frá Sauðaneshúsinu. Gengið er veginn fram hjá Sauðaneshúsinu niður af holtinu í átt að kirkjugarðinum. Komið er að NA horni kirkjugarðsins og norður hlið kirkjugarðsins þrædd rúmlega 15 metra þar liggja áhugaverðar dældir og hleðslur sem tengjast líklegast óþekkttri tóft.		
Ástand	Ill greinnalega		
Hættumat	Lítill hætta – sléttunar, jarðrækt.		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-15	Stígur, gata	Leið	
Hnit		Stærð	
A 667903.3493 N 643856.2964		60,2m x 1,9m	
			
			
Lýsing	Frá gamla sálnahliðinu á kirkjugarðinum í beina átt að steinhúsinu upp á Sauðanesholti má greina samfellda dæld í túninu. Mjög líklega er um stíg eða götu sem hefur legið á milli þessara staða. Hvort stígurinn hafi verið hreinsaður eða ruddur með einhverjum hætti skal ósagt látið. Engar heimildir eru til um viðkomandi stíg. Dældin er breiðust um 2,4 metra breið og 60,5 metra löng. Eldra sálnahliðið var staðsett í norðaustur horni kirkjugarðsins. Það var svo fært á núverandi stað á miðri austurhlið kirkjugarðsins.		
Leiðarvísir	72,1 metra í beinni loftlínu í vestur frá Sauðaneshúsinu má greina eftirfarandi dæld sem er líklegast stígur eða leiði.		
Ástand	Greinanlegt		
Hættumat	Lítill hættu		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-16	Garðlag	Vörslugarður, túngarður	
Hnit		Stærð	
A 667952.5 N 643967.1		51m x 2,2m	
			
Lýsing	Uppmokstur milli túnsins þar sem fornminjarnar 2642-7,8,9 liggja og mýrlendisins þar sem 2642-10 er staðsett. Garðlagið er greinanlegra í suðurenda þess en fjarar út og verður illgreinanlegt því lengra sem garðlagið teygir sig til norðurs. Annað hvort er garðlagið túngarður og/eða vörslugarður. Almennt mætti telja að aðalhlutverk garðlaga sé að hefta ferð búpenings á milli svæða. Það þarf þó ekki alltaf að vera og til eru til dæmis landamerkjagarðar. Að auki eru til garðlög sem eru reist til varnaðar túnum gegn sandi og mýrum (Birna Lárusdóttir, 2011, bls. 130-145). Þessi garður gæti þá tengst hinu síðarnefnda og er slíkt ekki óþekkt eins og svipaður varnargarður hefur fundist á Alþingisreit í Reykjavík (Vala Garðarsdóttir, 2010, bls. 87). Garðlagið 2642-16 tengist og var líklega hluti 2642-18.		
Leiðarvísir	142m í beinni loftlínu í NNV frá Sauðaneshúsinu. Gengið er niður á túnið vestur af Sauðaneshúsinu. Þegar þangað er komið er gengið í norður átt fram hjá rúst 2642-6 og stefnan tekin á sýnilegan hrygg í túninu sem er hluti 2642-7. Norðan við minjarnar 2642-7,2642-9 lækkar og breytist		

	landslagið, túnið, nokkuð skyndilega í mýrlendi. Á milli túnsins og mýrlendisins má greina viðkomandi minjar.
Ástand	Greinanlegt að hluta.
Hættumat	Hætta vegna jarðræktar.
Athugasemdir	Þyrfti að grafa í garðlagið til þess að fullvissa sig um hvort fornminjar sé að ræða eður ei.

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-17	Garðlag	Túngarður, varnargarður	
Hnit		Stærð	
A 667978.8 N 644000.9			
			
Lýsing	Leifar af túngarði sem hefur legið utan um Sauðanesbæinn 2642-10. Garðlagið er einungis sýnilegt að húsabaki eða austan við rústirnar 2642-10 og hefur legið utan um heimatúnið á bænum. Mikilvægt var að halda skepnum frá heimatúnum og bæjarhúsum (Þórður Tómasson, 2018, bls.126-127).		
Leiðarvísir	140 metrar frá Sauðnesi í beinni loftlínu frá Sauðaneshúsinu. Garðlagið liggur mjög nálægt rúst 2642-10 eða um 5 metrum austan við hana þar sem næst er.		
Ástand	Greinanlegt.		
Hættumat	Hætta – sléttun.		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-18	Garðlag	Túngarður, varnargarður	
Hnit		Stærð	
A 667905.011 N 643926.1087		69,45m x 2,26m	
			
Lýsing	Á milli rústar 2642-6 og 2642-7 má greina dæld nokkra sem gengur nokkurn veginn suðvestur-norðaustur. Dældin virðist tengjast garðlagi 2642-16 eins og sjá má á teikningu hér að ofan. Í dældinni má svo greina áhugaverðar samsíða línur (sjá neðri myndina hér að ofan) og á milli þeirra örlítinn hrygg. Þarna getur verið einhverskonar fornt garðlag undir sverði. Hryggurinn er þá garðlagið sjálft en samsíðu línurnar þá vísbendingar um uppmokstur og byggingu garðlagsins. Þess ber þó að geta að viðkomandi fornminjar eru illgreinanlegar og verður ekki fullvíst um eðli dældarinnar nema með frekari fornleifafræðilegum rannsóknum.		
Leiðarvísir	138,5m í beina loftlínu í NNV frá Sauðaneshúsinu. Gengið er niður á túnið í vestur frá Sauðaneshúsinu. Þegar niður á tún er komið er tekin beygja til norðurs og stefnan tekin á allmikinn hrygg í norðurenda túnsins. Á milli hryggjarins, sem er fornminjar 2642-7,8,9 og 2642-6 er dæld í landlaginu. Dældin eru fornminjarnar 2642-18.		
Ástand	Illgreinananlegt		
Hættumat	Hætta. Vegna sléttunar.		
Athugasemdir			

Númer	Tegund	Hlutverk	Sérheiti
2642-19	Hús	Kirkja	Sauðaneskirkja
Hnit		Stærð	
A 668028.6664 N 643919.7967		7,5m 14,3m	
			
Lýsing			
Leiðarvísir			
Ástand			
Hættumat			
Athugasemdir			

Heimildaskrá

Ari Gíslason (1971): Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Sauðanes. Örnefnastofnun.

Birna Lárusdóttir (2011): *Mannvist - Sýnisbók íslenskra fornleifa*. Bókaútgáfan Opna. Reykjavík.

Björn Sigfússon (1946): *Saga Þingeyinga – til loka Þjóðveldisaldar*. Sögunefnd Þingeyinga. Helgafell. Reykjavík.

Dagný Arnarsdóttir og Bjargey Guðmundsdóttir (2020): Verkefnaáætlun 2020-2022 – Stefnu markandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Friðrik G. Olgeirsson (1998): *Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir (2019): Í ritst. Gylfi Helgason, *Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð*. FS770-19321. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík.

Guðmundur L. Hafsteinsson (2008): Gamla prestsetrið á Sauðanes á Langanesi – Byggingarlýsing. Óútgefin skýrsla.

Halldóra Sigríður Ágústsdóttir (2021): Munnleg heimild um Álfasteininn á hlaðinu. 5.5.21.

Úttektarbækur Sauðaneshrepps 1882-1955.

Vala Garðarsdóttir (2010): Fornleifauppgröftur á Alþingisreitnum. Bindi 1. Bls 87.


Völundur Óskarsson, Hjörleifur Stefánsson & Björn Ingólfsson (2013): *Sauðaneskirkja*. Í (ritstj). Jón Torfason & Þorsteinn Gunnarsson. Kirkjur Íslands 23. bindi – Friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi II. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Biskupastofa, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Minjasafnið á Akureyri og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Hið Íslenska bókmenntafélag. Reykjavík. Bls 175-210.

Þórður Tómason (2018): Heyannir - um baráttu þjóðar fyrir lífi sínu. Bókaútgáfan Sæmundur. Selfoss. Bls. 126-127.


Heimasíður

<https://www.thjodminjasafn.is/thjonusta/safnkostur/husasafn/saudanes-a-langanesi> heimsótt 21.9.2021

Minjakort



Mynd 5. Yfirlitskort af Sauðanesi með mældum minjum (flákar, línur og punktar).



Mynd 6. Yfirlitskort af Sauðanesi með mældum minjum (punktar).